

70 verður að ítreka þau við og við, eigi þau að geta borið varanlegan ávöxt, með því líka
 19. júní. prestaskipti verða í brauðunum hvað eptir annað, og eins kemst breyting á söfnuðina. Mjer hefir því þótt þörf á að ányja áminnst brjef, og jeg held, að það yrði almenningi enn hofgfastara, ef það væri birt á prenti, einkum í Stjórnartíðindunum, sem eru í svo margra höndum um allt land.

Um burðarbrjef

biskups til allra hjeradsprófasta á landinu, 6. júlí 1867.

Það heyrast almenn umkvörtun yfir því, að kirkjurækni hjer á landi hafi á síðari árum farið hnignandi, svo að menn víða hvar vanræki kirkjugöngu hvern helgan dag eptir annan, án þess vegalengd, veðráttla, vatnsföll eða aðrar kringumstæður banni þeim að sækja kirkju sína. Þótt það sje nú auðvitað, að hin ytri háttsemi er eigi ætíð óbrigðull vottur um hjartalagid og hið innra hugarfár, er þó hitt allt að einu vist, að kirkjugangan er hið bezta meðal til að við halda kirkjulegu fjelagslífi, og að hirðuleysi í þessu efni leiðir með tímanum af sjer deyfð og dofinleik í trúarefnum, deysir áhuga á og virðingu fyrir hinni opinberu guðsþjónustu, og hefir skaðleg áhrif á hið kristilega trúarlíf.

Sakir þessa sinn jeg mig knúðan til að biðja yður, herra prófastur, að brýna fyrir prestunum í yðar prófastsdæmi, að þeir jafnframt því að leiða söfnuðum sínum nytsemi kirkjunnar fyrir sjónir, áminni þá í kærleika, en alvarlega um, að sækja kostgæfilega helgar tíðir, eins og jeg líka vona, að prestarnir sjálfir láti aldrei messur úr falla að nauðsynjalausu, eða án sjerlegra orsaka, heldur gegni rækilega skyldu sinni í þessu efni, og að þjer bæði á vísitáðnum yðar og endrarnær grennslizt eptir og hafið vakandi auga á því, hvernig kirkjurækni hvers safnaðar í prófastsdæminu er varið, og leitizt með áminningum og uppörfunum við að glæða hvervetna hið kristilega trúarlíf*.

71 — *Brjef landshöfðingja til bæjarstjórnarinnar í Reykjavík um bæjargjald*
 27. júní. af bygðri tómthúsalóð. — Nokkrir ábúendur á Selslóð við Reykjavík höfðu beiðzt undanþágu frá gjaldi því af bygðri lóð, sem jafnað hafði verið á þá fyrir árið 1876. Þessarar beiðni synjar landshöfðingi, af því að 1. grein í opnu brjefi 26. sept. 1860 bindi eigi tómthústollinn þeim skilmála, að tómthús standi á kaupstaðarlóð, heldur þeim, að það sje í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins. — Beiðendur höfðu borið fyrir sig, að tómthús þeirra lægju fyrir utan hina eiginlegu kaupstaðarlóð. Bæjarstjórnin, er landshöfðingi krafði álits um málið, hafði skýrt svo frá, að engin undanþága hafi nokkuratíma átt sjer stað undan bæjargjaldi af bygðri lóð fyrir utan takmörk hinnar eiginlegu kaupstaðarlóðar, en hins vegar opt undan gjaldi af óbygðri tómthúsalóð á því svæði. — En ef, segir landshöfðingi, sjerstaklegar ástæður kynnu að virðast heimila stöku tómthúsum undanþágu undan nefndu gjaldi, ber slíkt undir úrslit dómstólanna, eins og sjálfsagt er.

*) Þar sem mjög sjaldan er messað, eins og því miður á sjer stað í hinum prestslausu brauðum, hefi jeg ráðið til þess, að meðhjálpur og aðrir góðir menn gengjust fyrir því, að fólk á helgum dögum kæmi þó saman á kirkjustöðunum, að sálmar væru sungnir í kirkjunum og að meðhjálpurinn læsi prjedikun í kórðyrum, eins og tíðkanlegt mun vera á Færeyjum, þar sem líkt stendur á, og prestar hafa mörgum kirkjum að þjóna. Væri þessari reglu fylgt, yrði það til að við halda kirkjullífinu í þessum söfnuðum, eins og það kynni líka víða að geta lagað sálmasönginn og vanið unga menn á söng; einnig gætu menn á slíkum fundum rett ýmisleg fjelags- og sveitamál.